

20.08.2023 (#5 2023-2024) kl. 17:00

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mættir eru stjórnarmennirnir **Valerie Maier**, **Margrét Ágústsdóttir**, **Sveinn Símonarson** og **Ragnar Fjalal Sævarsson**, sem jafnframt ritar fundargerð. Fjarverandi voru Margrét J. Magnúsdóttir, Sædís Jónsdóttir, Katrín Pálsdóttir og Hildur Andrjesdóttir. Þá sat **Geir Ómarsson** verkefnastjóri fundinn.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staðan hjá Guðlaugu Eddu
3. Keppnistímabil fram að þessu – Príbrautarkeppnin á Selfossi
4. Unglingaþríbraut – Ragnar Guðmundsson segir frá
5. Nefndarvinna
6. Stefnunótun
7. Markaðsmál - Sahara
8. Önnur mál

1. Dagskrárefni

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt.

2. Staðan hjá Guðlaugu Eddu

Stjórn ræðir mjaðmameiðsl Guðlaugar Eddu og aðgerðina sem hún fór í til Bandaríkjana. Fjármál sambandsins rædd og þau áhrif sem aðgerðin hefur á fjárhagsstöðu sambandsins. Í framhaldinu voru ræddar ýmsar mögulegar fjáröflunarleiðir til að mæta kostnaði í kringum aðgerðina.

3. Keppnistímabil fram að þessu – Príbrautarkeppnin á Selfossi

Allir sammála um að keppnin á Selfossi hafi verið alveg frábær.

Geir fór yfir samanburð á þátttöku í keppnum síðasta árs og ársins í ár. Því miður hefur ekki verið nógu góð mæting í keppnirnar í ár. Ljóst að það er fækkun keppenda á milli ára.

4. Unglingaþrípraut – Ragnar Guðmundsson segir frá

Ragnar Guðmundsson kom inn á fundinn og kynnti sitt starf fyrir stjórninni. Það kom fram í kynningu hans að Unglingadagar hefðu heilt yfir gengið vel og hann ætlar að nota veturinn vel til að undirbúa vorið. Ragnar hefur fengið mikinn stuðning frá breska þríprautasambandinu og sem dæmi þá er hann með mjög gott þjálfaraefni fyrir allar fyrstu æfingar unglunga. Einnig efni fyrir þjálfara og grunn að námskeiði fyrir þá sem myndi enda með þjálfaraskírteini.

5. Nefndarvinna

Samþykkt að fresta umræðu þangað til á næsta fundi.

6. Stefnumótun

Geir og Ragnar Fjalar fóru yfir stöðuna á stefnumótunarvinnunni. Búið er að taka frá dagssetningu og sal hjá ÍSÍ fyrir vinnustofu en Guðrún hjá Strategíu ætlar að taka að sér að halda vinnustofuna.

7. Markaðsmál – Sahara

Geir og Sveinn fóru yfir stöðuna á undirbúningi fyrir markaðsherferð. Þeir eru að bíða eftir loka tilboði og ætla nú strax í framhaldinu að taka fund með Sahara.

8. Önnur mál

Keppendur frá Úkraínu eru að fara á mót í Fredricia í Danmörku. Það hefur verið leitað til ÞRÍ um styrk. Valerie ætlar að spyrjast fyrir um hversu mikið er verið að fara fram á.

Stjórnin var jákvæð á styrktarveitingu en vildi fá frekari upplýsingar m.a. um upphæð.

Fundi slitið kl. 18:31

Fundargerð yfirfarinn og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.